



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 13. Febrúar 2024

Fundur hófst: 20:05

Fundi slitið: 22:35

Fundinn sátu: Markús Elvar Pétursson, Gabríel Arthúr Pétursson, Þóra Z. Þórðardóttir, Freydís Björnsdóttir og Rán Pétursdóttir.

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Fundargerðir

- a. Fundargerðir frá 6. Febrúar samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar

- a. Markús Elvar Pétursson er kjörinn formaður, Þóra Z. Þórðardóttir verður varaformaður, Rán Pétursdóttir ritari, Helga Veronica Foldar gjaldkeri, Freydís Björnsdóttir meðstjórnandi, Gabríel Arthúr Pétursson og Þórhallur Sigurðsson varamenn.

3. Vinnuumhverfi stjórnar

- a. Stjórn heldur fundi á tveggja vikna fresti fram á vor/sumar allaveganna þar sem mesti þunginn er á skipulagningu starfsins fram að því.
- b. Spjall er virkt á facebook milli stjórnarfunda
- c. Skjal á Google drive til að halda utan um verkefni stjórnar. Þar fá stjórnarmenn útlutuð verkefni og skrá jafnframt stöðu þeirra svo að hægt sé að fylgjast með stöðu mála. Ritari býr til verkin og stjórnarmeðlimir fylla inn stöðuna á sínum verkum.

4. Kynningarmál

- a. Facebook hefur ekki verið að skila sér jafn mikið til félagsmanna, Hafnafirðinga og nærsveitunga og áður. Huga þarf að kynningarmálum á öðru samfélagsmiðlum.
- b. Tillaga um að kaupa sérfræðing til að halda utan um kynningarefnið á samfélagsmiðlum. Rán og Freydís taka þetta verkefni að sér að fá tilboð frá sérfræðingum
- c. Einfalda heimasíðuna og gera hana símavæna. Athuga með tilboð í það samhliða því að fá sérfræðing til að halda utan um samfélagsmiðla.

5. Aðstöðumál.

- a. Markús og Óli í aðstöðunefnd eru að fara á fund með arkitektinum til að koma sjónarmiðum Þyts að en þetta er í fyrsta skipti sem komið er á fót fundi með stofunni sem sér um alla hönnun Hamarshafnarinnar.
- b. Verið að skoða báða möguleika, að Þytur verði á sama reit og við erum núna og að Þytur fari á nýjan reit á Drafnargarðinum.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

6. Fundur með æfingakrökkum og foreldrum

- Ekki náðist að halda fund með æfingakrökkunum fyrir áramót. Halda þarf fund með foreldrum, æfingakrökkum og þjálfurum til að leggja línurnar fyrir komandi tímabil.
- Æfingakrakkarnir eiga sjóð vegna þrifa á klúbbhúsinu og það þarf skipuleggja æfingaferð annað hvort í haust í eða vor.
- Markús þjálfari boðar til fundar með æfingakrökkum og foreldrum.

7. Endurskoðun gjaldskrá

- Samþykkt á aðalfundi að hækka fjölskyldugjald í 12.000,-
- Viðburðir fyrir 10-20 manns verð hækkað í 40.000,- Gabriel er til í að taka að sér að manna viðburði.
- Stjórn samþykkir að breyta fyrirkomulagi á sumarnámskeiðunum í viku námskeið í stað 2 vikna námskeið. Stjórn samþykkir að verðið sé 14.500,-
- Æfingagjöldin óbreytt. Hægt að nýta frístundastyrk, ritari sér um að bæta því inn á heimasíðuna.
- Hæfur háseti og Skemmtibátanámskeið óbreytt. Hugmynd kom upp að skoða möguleikan á sölu á námskeiðunum inn á Sportabler.
- Salarleiga hækkar um 15.000 ISK til þess að hafa kost á að greiða fyrir þriffin. Myndir og meiri upplýsingar um sal vantar inn á heimasíðu.
- Ganga þarf frá greiðslu á geymslu félagsmanna á kajökum. Helga Veronica er með það mál.
- 200 skútur sem stoppa í Reykjavík, Þytur getur fengið fleiri skútur. Vantar kynningarefni og móttökuefni fyrir þá sem að koma. Þytur er með eitt gestastæði og svo pláss fyrir skútur til að vera á legufæri.

8. Önnur mál

- Skjal um eigur klúbbmeðlima sem geymdir eru í Þyt og aðrir félagsmenn mega ekki nýta. Gabriel ætlar að halda utan um það verkefni.
- Kaup á árabátum. Það þarf að kaupa 2 árabáta og Markús fer í það að fá verð í það.
- Stólar. Pura ætlar að fara aftur á stúfana og finna stóla.
- Sprungur í gluggum það þarf að hafa samband við Hafnarfjarðarbæ til að fá þau til að greiða fyrir það en það fer í gegnum umsjónamann fasteigna.